

SAMÞYKKT
UM STJÓRN FJARÐABYGGÐAR OG
FUNDARSKÖP BÆJARSTJÓRNAR

I. KAFLI
UM SKIPAN BÆJARSTJÓRNAR OG VERKEFNI HENNAR

1. gr. Skipan bæjarstjórnar

Bæjarstjórn er skipuð 9 bæjarfulltrúum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, samanber 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr. Starfstímabil

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr. Valdsvið bæjarstjórnar

Bæjarstjórn fer með stjórn Fjarðabyggðar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins, að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið það öðrum.

4. gr. Hlutverk bæjarstjórnar

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarins og vera í fyrirsvári fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

5. gr. Verkefni bæjarstjórnar

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að bærinn taki að sér verkefni sem varða íbúa hans sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr. Helstu verkefni bæjarstjórnar

Meðal verkefna bæjarstjórnar er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. IV. kafla sveitarstjórnarlaga og IV. kafla samþykktar þessarar og skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga bæjarins skv. VI. kafla

Fjarðabyggð

sveitarstjórnarlaga. Ennfremur að ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá bæjarfélaginu.

2. Að setja samþykktir og reglur, eftir því sem lög mæla fyrir um og æskilegt er til þess að stuðla að málefnalegri og vandaðri stjórnslu á vegum sveitarfélagsins.
3. Að stuðla að því að sveitarfélagið veiti íbúum Fjarðabyggðar góða þjónustu, svo sem með því að staðfesta áætlanir og stefnumarkanir í einstökum málaflokkum.
4. Að stjórna fjármálum bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga og VI. kafla samþykktar þessarar, svo sem með ákvörðun um nýtingu tekjustofna sveitarfélagsins og setningu gjaldskráa.
5. Að ákveða stjórnkerfi bæjarins, ráða bæjarstjóra og ákveða fyrirkomulag á ráðningum annarra starfsmanna bæjarins, samkvæmt V. kafla sveitarstjórnarlaga og V. kafla samþykktar þessarar.
6. Að vera vettvangur fyrir lýðræðislega umfjöllun um málefni bæjarins og stuðla að kynningu á stjórnslu, þjónustu og öðrum málefnum bæjarfélagsins.

II. KAFLI UM FUNDARSKÖP BÆJARSTJÓRNAR

7. gr. Fundartími bæjarstjórnar

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi 1. og 3. fimmtudag hvers mánaðar, enda beri dagana ekki upp á helgidaga eða almenna frídaga. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl.16⁰⁰. Frávik frá reglulegum fundardegi og venjulegum fundartíma skulu ákveðin af forseta bæjarstjórnar og bæjarstjóra.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar og skylt er að halda aukafundi í bæjarstjórn, ef a.m.k. þriðjungur þjarfulltrúa krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni. Heimilt er að halda bæjarstjórnarfundum með síma- eða fjarfundabúnaði ef veður og færð hamla eðlilegum samgöngum. Slíka fundi má þó aðeins halda ef brýna nauðsyn ber til og ekki er hægt að fresta afgreiðslu þeirra mála sem á dagskrá fundarins eru að mati forseta bæjarstjórnar og bæjarstjóra. Tryggja skal almenningi aðgang að þessum fundum eins og um venjulegan bæjarstjórnarfund væri að ræða

Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi. Meðan á sumarleyfi bæjarstjórnar stendur fer bæjarráð með heimildir bæjarstjórnar.

8 gr. Fyrsti fundur nýkjörinnar bæjarstjórnar

Sá kjörni fulltrúi sem á að baki lengsta setu í bæjarstjórn kveður bæjarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum. Eigi fleiri þjarfulltrúar en einn að baki jafnlanga setu í bæjarstjórn er það aldursforsetinn úr þeim hópi sem kveður til fundarins. Skal það gert eigi síðar en 15 dögum eftir að ný bæjarstjórn tekur við störfum að kosningum loknum og stýrir hlutaðeigandi fundi þar til forseti hefur verið kjörinn.

9. gr. Boðun bæjarstjórnarfunda

Bæjarstjóri, samanber þó 8. gr. samþykktar þessarar, boðar bæjarstjórnarfundum samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar og ákveður jafnframt fundarstað, hafi bæjarstjórn ekki gert það. Ákvörðun um boðun bæjarstjórnar skal jafnframt fela í sér með hvaða hætti boðun fer fram og á hvaða formi fundargögn eru send út.

10. gr. Auglýsing funda

Íbúum þjararins skal kunnert með auglýsingu hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar þjararins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni. Í upphafi kjörtímabils bæjarstjórnar tekur hún ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum þjararins með tryggum hætti, svo sem á heimasíðu sveitarfélagsins.

11. gr. Dagskrá bæjarstjórnarfunda

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta bæjarstjórnar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar, svo og ráðningu bæjarstjóra og endurskoðenda bæjarins.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins.
3. Ályktanir og tillögur sem fram koma í fundargerðum, samanber 2. tl., og þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar, skal tilgreina sérstaklega í dagskrá.
4. Önnur mál, sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri og/ eða forseti bæjarstjórnar ákveða að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá. Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. fimm sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem bæjarstjóri telur nauðsynleg.

12. gr. Sending fundarboðs

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund hafa sent bæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum .

13. gr. Boðun aukafunda

Bæjarstjóri skal senda bæjarfulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund. Heimilt er þó að boða aukafund með styttri fyrirvara ef aðkallandi mál bíður afgreiðslu, enda sé hann boðaður með dagskrá.

14. gr. Kosning forseta og varaforseta bæjarstjórnar

Sá kjörni fulltrúi í bæjarstjórninni sem á þar lengsta setu, setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum, uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn. Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef forseti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórn, skal hann víkja sæti og forsetakjör fara fram á ný. Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum, skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta. Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð skal draga um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði, skal draga um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlotkesti ráða kosningu. Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti. Sé enginn forseta á fundi, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

15. gr. Kjör skrifara

Bæjarstjórn kys tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

16. gr. Opinn eða lokaður fundur

Bæjarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og er almenningi heimill aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir. Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarstjórnarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn. Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

17. gr. Lögmæti bæjarstjórnarfundar

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er á fundi. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

18. gr. Fundarstjórn

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundagerðir séu skipulega færðar í gerðabók bæjarstjórnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði, getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum

19 gr. Afgreiðsla dagskrármála á fundi

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá, nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað. Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slík afbrigði.

20. gr. Afgreiðsla mála, tvær umræður

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja.
2. Ársreikninga bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.

Fjarðabyggð

4. Áætlanir sem gilda til lengri tíma en árs, s.s. þriggja ára áætlanir, framkvæmdaáætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Tilkyningu til eftirlitsnefndar samkvæmt 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

21. gr. Fundarsókn, varamenn

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann boða varamann sinn á fund og jafnframt tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra. Varamenn taka sæti í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir ef aðalfulltrúar þess lista sem þeir eru kosnir af falla frá, flytjast burtu eða forfallast varanlega á annan hátt eða um stundarsakir, samanber 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr. Vanhæfi bæjarfulltrúa

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Bæjarfulltrúi er vanhæfur til meðferðar máls:

1. Ef hann er aðili máls, fyrirvarsmaður eða umboðsmaður aðila.
2. Ef hann er, eða hefur verið, maki aðila, er skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum legg til hliðar eða tengdur aðila, með sama hætti vegna ættleiðingar.
3. Ef hann tengis fyrirvarsmanni eða umboðsmanni aðila með þeim hætti sem segir í 2. tölulið.
4. Ef mál er kært til úrskurðar bæjarstjórnar, nefndar eða ráðs og hlutaðeigandi hefur áður átt aðkomu að málinu, sbr. þó 1. mgr. 23. gr. samþykktar þessarar.
5. Ef mál varðar hann sjálfan verulega, venslamenn hans samkvæmt 2. tölulið, næstu yfirmenn persónulega eða stofnun eða fyrirtæki í einkaeign sem hann er í fyrirvari fyrir.
6. Ef hann er jafnframt starfsmaður Fjarðabyggðar og hefur sem slíkur átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir bæjarstjórn er hann vanhæfur þegar bæjarstjórn fjallar um málið. Þessi töluliður á ekki við þegar bæjarstjórn fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga Fjarðabyggðar og á ekki við um störf bæjarstjóra.
7. Ef að öðru leyti eru fyrir hendi aðstæður sem fallnar eru til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.

23. gr. Hvaða veldur ekki vanhæfi

Þrátt fyrir ákvæði 22. gr. er bæjarfulltrúi ekki vanhæfur þegar:

1. Hann hefur sem nefndarmaður komið að ákvörðun nefndar, ráðs eða stjórnar innan stjórnkerfis Fjarðabyggðar.
2. Valdir eru fulltrúar til trúnaðarstarfa á vegum bæjarstjórnar eða þóknun fyrir slík störf er ákveðin.
3. Ef engin hætta er talin á að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á ákvörðun þar sem hagsmunir eru það smávægilegir eða þáttur bæjarfulltrúans í meðferð málsins er lítilvægur.

24. gr. Meðferð máls um vanhæfi

Bæjarfulltrúa sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli á því. Bæjarfulltrúa er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver bæjarfulltrúa sé vanhæfur. Bæjarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarfulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

Í fundargerð skal gera grein fyrir atkvæðagreiðslu um vanhæfi og að vanhæfur fundarmaður víki af fundi.

25. gr. Fundarsköp, málfrelsi

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarstjórn getur heimilað að maður utan bæjarstjórnar geri grein fyrir máli á bæjarstjórnarfundi.

26. gr. Fundarsköp, takmarkanir á málfrelsi

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarra nefnda, ráða eða stjórna skal bæjarfulltrúi taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða. Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við umræðu um hvern dagskrárlið. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftari til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður mega þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls. Ef bæjarfulltrúi vill beina fyrirspurn til bæjarstjóra skal hann að jafnaði hafa hana skriflega og afhenda með sama fyrirvara og um tillögu sé að ræða, sbr. 11. gr. samþykktar þessarar. Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

27. gr. Fundarsköp, vítur á bæjarfulltrúa

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum, skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn, að bæjarfulltrúi sem vítur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

28. gr. Fundarsköp, takmarkanir á ræðutíma

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar

Fjarðabyggð

tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

29. gr. Fundarsköp, meðferð tillagna

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar. Forseti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu í samræmi við almennar reglur um fundarsköp.

30. gr. Fundarsköp, afgreiðsla mála

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

31. gr. Fundarsköp, atkvæðagreiðsla og kosningar

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundum fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða á móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

32. gr. Fundarsköp, úrslit mála

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar, sem fara fram í bæjarstjórn skulu vera hlutfallskosningar samkvæmt d'Hondts reglu samanber. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna.

Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kosningu eins fulltrúa úr hópi margra, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning forseta bæjarstjórnar samanber 14. gr. þessarar samþykktar.

Kosningar skulu vera skriflegar og leynilegar nema bæjarstjórn ákveði annað.

33. gr. Fundarritun og fundargerð

Bæjarstjórn ræður fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast undirbúning funda og ritun fundargerða bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið:

- hvar og hvenær fundur er haldinn
- hverjir sitja fundinn
- einstakra mála sem tekin eru fyrir, dagsetningar þeirra og aðila máls
- meginefnis máls, hvaða gögn eru lögð fram á fundi og hvenær þau eru dagsett
- tillagna um afgreiðslu máls
- hvernig mál er afgreitt
- helstu forsendna fyrir ákvörðun ef um stjórnsluákvörðun er að ræða og upplýsingar um þær er ekki að finna í framlögðum gögnum
- hvernig atkvæði hafa fallið, ef mál er ekki afgreitt samhljóða

Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningar fundargerða, fjölda töluliða og hverjir taka til máls. Ályktana eða samþykktu í fundargerðum nefnda sem þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar, skal geta sem sérstaks dagskrárliðar, sbr. 3. tl. 11. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að bóka stutta athugasemd um afstöðu sína til máls fyrir bæjarstjórn. Athugasemd skal lögð fram skriflega.

Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 16. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Fundargerðir skulu skráðar í tölvu nema annað sé ákveðið sérstaklega. Í gerðabók bæjarstjórnar skal jafnframt bóka númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða, sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð.

Forseti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar. Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað. Einnig skal forseti bæjarstjórnar og a.m.k einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerðar. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu. Sé símafundur haldinn undirrita þeir sem ekki voru viðstaddir á bæjarskrifstofu fundargerð á næsta fundi bæjarstjórnar.

Bæjarfulltrúi, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði. Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

III. KAFLI. UM RÉTTINDI OG SKYLDUR BÆJARFULLTRÚA

34. gr. Fundarseta

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli sbr. 21. gr. samþykktar þessarar. Hver bæjarfulltrúi, aðal- eða varafulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, s.s. forsetastörf og störf í bæjarráði eða öðrum nefndum og ráðum á vegum bæjarstjórnar. Þó getur sá sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða öðru ráði eða nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

35. gr. Lausn úr bæjarstjórn

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi bæjarfulltrúi kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórn, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga. Nú er bæjarfulltrúi af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal bæjarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

36. gr. Málfrelsi, tillöguréttur, atkvæðaréttur

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari. Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál samkvæmt 11. gr. tl. 4 samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. fimm sólarhringum fyrir fund. Bæjarfulltrúa er ekki skylt að greiða atkvæði um einstök mál en hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Þegar um er að ræða mál, sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, eða ársreikningur eða kjör fulltrúa í lögboðin ráð og nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef meira en helmingur bæjarfulltrúa situr hjá við atkvæðagreiðsluna.

37. gr. Hagsmunir bæjarins

Bæjarfulltrúa ber að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

38. gr. Aðgangur að upplýsingum

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum, skjölum og öðrum gögnum bæjarins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna. Beiðnir um upplýsingar og aðgang að gögnum beinast til bæjarstjóra eða staðgengils hans.

39. gr. Þagnarskylda

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun bæjarstjórnar. Þagnarskyldan helst áfram eftir að bæjarstjórnarmaður lætur af þeim störfum.

40. gr. Þóknun

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Ef um langan veg er að fara milli heimilis bæjarfulltrúa og fundarstaðar bæjarstjórnar getur bæjarstjórn auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar.

Bæjarstjórn setur reglur um greiðslur samkvæmt ákvæði þessu.

41. gr. Orlof og fundartími

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega, samanber 7. gr. samþykktar þessarar.

42. gr. Varamenn

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn sem sitja bæjarstjórnarfundi.

IV. KAFLI

BÆJARRÁÐ, RÁÐ, AÐRAR NEFNDIR OG STJÓRNIR

43. gr. Kosning í bæjarráð

Bæjarstjórn skal á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs. Kosningar í bæjarráð síðar á kjörtímabilinu skulu fara fram í júní ár hvert.

Varamenn í bæjarráði eru þeir aðal- og varafulltrúar sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista og hinn kjörni bæjarráðsmaður, í þeirri röð sem þeir skipuðu listann. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð.

Flokki eða framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en hefur ekki fengið kjörinn bæjarráðsmann er heimilt að tilnefna fulltrúa og einn varafulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétti.

44. gr. Kosning í aðrar nefndir, ráð og stjórnir - kjörgengi

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir á vegum Fjarðabyggðar sem kosningarétt eiga í sveitarfélaginu.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana bæjarins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá. Bæjarstjórn getur ákveðið að víkja frá þessu ákvæði ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starf viðkomandi einstaklings er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaaðrekstrum þrátt fyrir nefndarsetu.

45. gr. Fundartími bæjarráðs og annarra nefnda

Bæjarráð skal að jafnaði halda fundi vikulega á reglulegum fundartímum. Aukafund skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess. Aðrar nefndir, ráð eða stjórnir ákveða sjálfar fundartíma. Heimilt er að halda fund með síma- eða fjarfundabúnaði.

46. gr. Undirbúningur og boðun bæjarráðsfunda

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs. Hann sér um, að bæjarráð sé boðað til fundar með dagskrá tveimur sólarhringum fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund, skal hann boða varamann sinn eða hlutast til um að varamaður verði boðaður. Bæjarráð ákveður form boðunar og nánara fyrirkomulag dreifingar fundargagna.

47. gr. Kosning formanns og varaformanns bæjarráðs

Bæjarstjórn kýs formann og varaformann bæjarráðs. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði, þótt ekki sé það tilkynnt í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmaður óskar þess. Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs.

48. gr. Hlutverk bæjarráðs

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarins, fjármálastjórn og starfsmannastjórn, að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu, framkvæmdum og fjármálum bæjarins. Bæjarráð hefur umsjón með undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, undirbýr frumvarp að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og bæjarfyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeiganda nefnda og stjórna og ákveður skiptingu rekstrarfjármuna til einstakra málaflokka samkvæmt frumvarpi að fjárhagsáætlun. Þá sér bæjarráð um, að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir séu ásamt ársreikningum bæjarfyrirtækja lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu, eins og sveitarstjórnarlög mæla fyrir um. Undir bæjarráð heyra, brunamál sem og önnur mál a-hluta stofnana og b-hluta fyrirtækja sem ekki eru falin öðrum í samþykkt þessari eða öðrum samþykktum bæjarstjórnar. Bæjarráð ber ábyrgð á forgangsröðun framkvæmda, gjaldskrám veitustofnana og vinabæjarsamskiptum.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála, sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er heimil fullnaðarafgreiðsla mála, sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð skal hafa til viðmiðunar að stefnumarkandi og fordæmisgefandi málefni séu afgreidd með fullnaðarákvörðun bæjarstjórnar ef ekki liggja fyrir reglur, samþykktir, stefnumörkun eða áætlanir staðfestar af bæjarstjórn.

Bæjarstjórn getur falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli fyrir á annan veg.

Heimilt er að bóka einstök mál sem tekin eru fyrir í bæjarráði í sérstaka trúnaðarbók, svo sem ef um er að ræða viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál. Til viðmiðunar um hvenær það getur átt við skal litið til upplýsingalaga nr. 50/1996.

49. gr. Starfsmenn á fundi bæjarráðs

Starfsmönnum bæjarins er skylt að sitja fundi bæjarráðs ef þess er óskað.

50. gr. Kjör formanna og varaformanna nefnda, ráða og stjórna

Bæjarstjórn kýs nefndum formann og varaformann. Ritari nefndar skal valinn úr hópi starfsmanna hlutaðeigandi málaflokks og ber hann ásamt formanni ábyrgð á undirbúningi nefndarfunda. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

51. gr. Fundarseta í nefndum

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni Þegar aðalmaður í

Fjarðabyggð

nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju. Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann, einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

52. gr. Lokaðir fundir

Fundir í ráðum og nefndum skulu haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

53. gr. Fundarstjórn og málsmeðferð

Formaður nefndar stýrir fundum.

Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarins, eftir því sem við á.

54. gr. Hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Heimilt er bæjarstjórn að sameina nefndir þannig að ein nefnd fari með verkefni á fleiri en einu sviði.

55. gr. Fullnaðarafgreiðsla

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðri málsmeðferð getur bæjarstjórn ákveðið með viðauka við samþykkt þessa að fela nefnd, ráði eða stjórn fullnaðarafgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs ef lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því. Á sama hátt og með sömu skilyrðum er bæjarstjórn heimilt að fela embættismönnum innan stjórnarsýslu Fjarðabyggðar fullnaðarafgreiðslu mála. Bæjarstjórn, bæjarráð eða hlutaðeigandi nefnd skal hafa eftirlit með afgreiðslu mála samkvæmt 1. og 2. mgr. og kalla eftir reglulegum skýrslum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli hennar.

Sá aðili sem fengið hefur framselt vald til fullnaðarafgreiðslu samkvæmt 2. mgr., eða þriðjungur fulltrúa ef um nefnd, ráð eða stjórn er að ræða, samanber 1. mgr., getur ávallt óskað eftir því að bæjarstjórn, bæjarráð eða viðkomandi nefnd samkvæmt samþykktum um stjórn Fjarðabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar taki ákvörðun í máli.

Þegar bæjarstjórn neytir heimildar samkvæmt 1. eða 2. mgr. skal jafnframt kveðið á um það hvernig fara skuli með endurupptöku mála sem hljóta afgreiðslu samkvæmt þessum ákvæðum.

Heimildir nefnda, ráða og stjórna til fullnaðarafgreiðslu mála eru háðar því að samþykktir þeirra sem hafa í för með sér útgjöld séu innan heimilda í fjárhagsáætlun fyrir viðkomandi málaflokk.

56. gr. Fundargerðarbækur

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarins skulu halda fundargerðir og gerðabækur. Nefndir eiga aðgang að fundarritara úr hópi starfsmanna hlutaðeigandi málaflokks Skráning fundargerða skal fara fram í samræmi við 33. gr. samþykktar þessar. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana. Sé fjarfundur haldinn undirrita þeir sem ekki voru viðstaddir á fundinum á bæjarskrifstofu fundargerð á næsta fundi. Þegar nefnd tekur stjórnýsluákvörðun á grundvelli heimildar til fullnaðarafgreiðslu, sbr. 56. gr. samþykktar þessarar, skal þess getið í fundargerð.

57. gr. Afgreiðsla fundargerða nefnda, ráða og stjórna

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna skulu lagðar fyrir næsta fund bæjarráðs og því næst fyrir bæjarstjórn ásamt fundargerðum bæjarráðs.

Afgreiðsla bæjarráðs á fundargerðum nefnda og einstökum samþykktum nefnda skal taka mið af hlutverki bæjarráðsins samkvæmt 48. gr., svo sem almennu umsjónarhlutverki þess með stjórnýslu Fjarðabyggðar og fjárstjórn bæjarfélagsins sérstaklega. Í öðrum tilvikum en þegar nefnd hefur afgreitt mál með fullnaðarafgreiðslu, getur bæjarráð staðfest samþykkt nefndar í samræmi við ákvæði 3. mgr. 48. gr. Þegar bæjarráð tekur einstakar samþykktir nefnda til umfjöllunar getur ráðið jafnframt vísað máli til frekari umfjöllunar í stjórnkerfi sveitarfélagsins eða gert sérstakar tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu á grundvelli hlutverks ráðsins, skv. 48. gr. Hafi samþykkt nefndar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal bæjarráð ávallt gera tillögu til bæjarstjórnar um afgreiðslu, nema ráðið taki fullnaðarákvörðun í málinu og hafi þá jafnframt fjárheimildir sem veitt er til viðkomandi málaflokks.

Bæjarstjórn tekur fundargerðir nefnda til almennrar umfjöllunar. Að því marki sem fullnaðarákvörðun hefur ekki þegar verið tekin í máli og ákvörðun þarfnast sérstakrar staðfestingar, afgreiðir bæjarstjórn samþykktir bæjarráðs og nefnda, m.a. með tilliti til umfjöllunar bæjarráðs um málið. Slík mál skulu sérstaklega tilgreind á dagskrá bæjarstjórnarfunda, sbr. 3. tl. 11. gr.

Fundargerðir nefnda sem starfa í umboði fagnefndar, skulu lagðar fyrir viðkomandi nefnd áður en afgreiðsla þeirra samkvæmt 1. mgr. á sér stað.

58. gr. Nefndir, ráð, stjórnir, embættismenn: Tilnefningar, skipanir og kosningar

(i) Nefndir og stjórnir. Hér er um að ræða fagnefndir og stjórnir, sem sinna faglegu starfi á grundvelli sérstakra samþykpta sem staðfestar eru í bæjarstjórn. Kjörtímabil nefndanna er almennt hið sama og bæjarstjórnar. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann við kosningu nefndar. Bæjarstjórn ákveður verkefni þeirra með nánari samþykkt, í samræmi við lög og reglur sem um störf þeirra gilda.

Fagnefndir undirbúa stefnumörkun í málefnum sem þeim eru falin. Nefndirnar hafa umsjón með verkefnum sem falla undir verksvið þeirra og að framkvæmd þeirra samræmist stefnumörkun bæjarstjórnar í viðkomandi málaflokki og sé innan heimilda í fjárhagsáætlun. Við undirbúning ákvarðana og önnur störf nefnda skulu þær njóta faglegs stuðning frá starfsmönnum þannig að ákvarðanir stjórnkerfis Fjarðabyggðar uppfylli kröfur laga og séu í samræmi við góða stjórnýsluhætti.

Fjarðabyggð

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

a-hluti-skipan til eins árs.

- 1 **Bæjarráð.** Kjósa skal þrjú fulltrúa í bæjarráð til eins árs í senn í samræmi við 43. gr. samþykktar þessarar.

b-hluti-skipan til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar.

2 Atvinnu- og menningarnefnd

Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í atvinnu- og menningarnefnd. Hlutverk hennar er m.a. mörkun stefnu í atvinnuþróunarmálum, þ.m.t. menningar- og ferðamálum og í kynningar- og markaðsmálum, ábyrgð á samskiptum við hagsmunaaðila í atvinnuþróunarmálum, þ.m.t. við fyrirtæki í Fjarðabyggð og þá sem ábyrgð bera á atvinnuþróunarmálum af hálfu ríkis og landshlutasamtaka. Þá ber nefndin ábyrgð á safnastarfi bæjarfélagsins og samskiptum við þá aðila sem vinna að menningarmálum. Nefndinni ber að styrkja stöðu Fjarðabyggðar sem áfangastaðar ferðalanga og vinna að undirbúningi viðburða og hátíða í samvinnu við hagsmunaaðila. Jafnframt hefur nefndin eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun á verkswiði nefndarinnar sé fylgt og fer með önnur þau verkefni sem bæjarráð ákveður.

3 Barnaverndarnefnd.

Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í barnaverndarnefnd. Um verkefni barnaverndarnefndar fer samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 og barnalögum nr. 76/2003. Nefndin skal móta stefnu bæjarins í barnaverndarmálum og taka ákvarðanir á verkswiði sínu. Jafnframt hefur nefndin eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun á verkswiði hennar sé fylgt.

4 Félagsmálanefnd.

Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í félagsmálanefnd. Nefndin mótar stefnu bæjarins í velferðarþjónustu s.s. félags- og öldrunarmálum og í jafnréttismálum. Nefndin skal taka ákvarðanir og gera tillögur til bæjarráðs um málefni á verkswiði sínu. Jafnframt hefur nefndin eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun á verkswiði hennar sé fylgt. Þá fer nefndin með önnur þau verkefni sem bæjarráð ákveður.

5 Fræðslu- og frístundanefnd.

Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í fræðslu- og frístundanefnd. Nefndin annast stefnumótun í fræðslu- og menntamálum og íþróttu- og æskulýðsmálum. Nefndin skal vinna að samþæfingu skólustarfs í Fjarðabyggð, stuðla að virku íþróttu- og æskulýðsstarfi og virkja félagsauðinn í sveitarfélaginu. Nefndin skal taka ákvarðanir og gera tillögur til bæjarráðs um málefni á verkswiði sínu. Jafnframt hefur nefndin eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun á verkswiði nefndarinnar sé fylgt. Þá fer nefndin með önnur þau verkefni sem bæjarráð ákveður.

- 6 **Hafnarstjórn.** Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í hafnarstjórn samkvæmt lögum um hafnamál. Hlutverk og verkefni hafnarstjórnar eru lögbundin en jafnframt ákveðin í sérstakri samþykkt sem bæjarstjórn setur um störf hennar.

- 7 **Eigna- skipulags- og umhverfisnefnd.** Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd. Nefndin skal móta stefnu bæjarins varðandi mannvirki og umsjón þeirra, náttúruvernd og umhverfismál, þ.m.t. meðferð úrgangs, skipulags- og byggingarmál og samgöngu- og umferðaröryggismál. Nefndin skal taka

Fjarðabyggð

ákvarðanir og gera tillögur til bæjarráðs um málefni á verksviði sínu. Jafnframt hefur nefndin eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun á verksviði hennar sé fylgt. Þá fer nefndin með önnur þau verkefni sem bæjarráð ákveður.

8. Landbúnaðarnefnd

Landbúnaðarnefnd skal fjalla um fjallskilamál, búfjáreftirlit og girðingamál í umboðiumhverfis- og skipulagsnefndar. Í landbúnaðarnefnd sitja fimm fulltrúar kosnir af umhverfis- og skipulagsnefnd. Umhverfis- og skipulagsnefnd gerir tillögu til bæjarstjórnar að samþykkt um hlutverk og verkefni landbúnaðarnefndar.

9 **Ungmennaráð.** Ungmennaráð skal starfa í samræmi við ákvæði 11. gr. æskulýðslaga nr. 70/ 2007. Hlutverk þess er m.a. að vera bæjarstjórninni til ráðgjafar um málefni ungs fólks í sveitarfélaginu. Fræðslu- og frístundanefnd gerir tillögu til bæjarstjórnar um verklagsreglur varðandi val í ungmennaráðið og verkefni þess.

10 **Kjörstjórnir.** Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í yfirkjörstjórn, samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna og lögum um kosningar til Alþingis. Kjörstjórn kýs sér oddvita og ritara úr sínum hópi. Ennfremur kýs bæjarstjórn undirkjörstjórnir jafnmargar og kjördeildir eru sem skipaðar eru þremur aðalmönnum og þremur varamönnum. Kjörstjórnir fara með þau verkefni sem þeim eru falin samkvæmt ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna og lögum um kosningar til Alþingis.

(ii) Stjórnir og samstarfsnefndir. Hér er um að ræða stjórnir stofnana með sjálfstæðan fjárhag og tilnefningar í samstarfsnefndir, sem hafa endanlegt ákvörðunarvald í málefnum sínum, þ.e.a.s. þurfa ekki staðfestingu bæjarstjórnar til að koma málum í framkvæmd. Kjörtímabil þeirra er hið sama og bæjarstjórnar nema kveðið sé á um annað í lögum.

1 Almannavarnanefnd.

Bæjarstjórn skipar fulltrúa í almannavarnanefnd á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Samkvæmt lögum um almannavarnir nr. 82/ 2008 felst hlutverk nefndarinnar í stefnumótun og skipulagningu starfs að almannavörnum í héraði. Nefndin vinnur að gerð hættumats og viðbragðsáætlana í samvinnu við ríkislögreglustjóra. Sýslumaður á sæti í almannavarnanefnd ásamt fulltrúum úr sveitarstjórn og þeim fulltrúum sem sinna verkefnum í þágu hins almenna borgara. Almannavarnanefnd kýs sér sjálf formann og varaformann.

2 Stjórn Náttúrustofu Austurlands.

Bæjarráð skipar einn aðalfulltrúa og annan til vara í þriggja manna stjórn Náttúrustofu Austurlands. Þá velur bæjarráð stjórninni formann í samráði við bæjarráð Fljótsdalshéraðs. Náttúrustofan starfar samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.

3 Stjórn Kirkju- og menningarmiðstöðvarinnar

Bæjarstjórn skipar einn fulltrúa, og annan til vara, í stjórn Kirkju- og menningarmiðstöðvarinnar að fenginni tilnefningu atvinnu- og menningarnefndar.

4 Starfskjaranefndir.

Bæjarstjórn skipar fulltrúa í starfskjaranefndir eftir ákvæðum kjarasamninga og samþykta frá Launanefnd sveitarfélaga.

Fjarðabyggð

5 Stjórn Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar.

Samkvæmt ákvæðum reglugerðar um Lífeyrissjóð Neskaupstaðar er bærstjóri formaður stjórnar. Jafnframt skipar bærstjórn einn aðalfulltrúa og annan til vara í stjórn sjóðsins.

(iii) Tilnefningar og kosningar.

Kosnir fulltrúar á ársþing og ársfundi stofnana, sem bærinn á aðild að. Kjörtímabil þeirra er hið sama og bærstjórnar nema kveðið sé á um annað og skal kosning fara fram á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bærstjórnar eða í júní ár hvert vegna þeirra tilnefninga sem gilda skemur.

a. kosnir af bærstjórn

- 1 **Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.** Samkvæmt lögum um Samband íslenskra sveitarfélaga kýs bærstjórn aðal- og varafulltrúa á landsþing sambandsins.
- 2 **Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands.** Bærstjórn kýs aðal- og varafulltrúa í fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands.
- 3 **Samband sveitarfélaga á Austurlandi.** Bærstjórn kýs aðal- og varafulltrúa á aðalfund Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, samkvæmt lögum sambandsins. Fulltrúar bæjarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bærstjórnar og síðan í júní ár hvert vegna næstkomandi aðalfundar.

b. tilnefningar staðfestar af bærstjórn

- 4 **Fulltrúaráð Skólaskrifstofu Austurlands.** Samkvæmt stofnsamningi Skólaskrifstofu Austurlands og eftir tilnefningu fræðslu- og frístundanevndar skipar bærstjórn aðal- og varafulltrúa í fulltrúaráð og er kjörtímabil þeirra hið sama og bærstjórnar.
- 5 **Fulltrúaráð Héraðsskjalasafns Austfirðinga.** Samkvæmt stofnsamningi Héraðsskjalasafns Austfirðinga og eftir tilnefningu atvinnu- og menningarnevndar skipar bærstjórn aðal- og varafulltrúa í fulltrúaráð safnsins og er kjörtímabil þeirra hið sama og bærstjórnar.
- 6 **Menningarráðs Austurlands.** Bærstjórn kýs fulltrúa á aðalfund og jafnmarga til vara, samkvæmt samþykktum ráðsins, að fenginni tillögu Atvinnu- og menningarnevndar.
- 7 **Stjórn Sjóminjasafns Austurlands.** Bærstjórn skipar fulltrúa í stjórn Sjóminjasafns Austurlands samkvæmt stofnsamningi þess og eftir tilnefningu atvinnu- og menningarnevndar.
- 8 **Stjórn Smiðju- og sjóminjasafn Jósafats Hinrikssonar.** Bærstjórn skipar fulltrúa í stjórn safnsins samkvæmt stofnsamningi þess og eftir tilnefningu atvinnu- og menningarnevndar.

(iv) Samkvæmt lögum skal bærstjórn kjósa í eftirtalin verkefni:

- 1 **Skoðunarmenn bæjarsjóðsreikninga.** Bærstjórn kýs tvo skoðunarmenn og jafnmarga til vara, samkvæmt 69. gr. sveitarstjórnarlaga. Skoðunarmenn bæjarsjóðsreikninga eru kosnir á fyrsta fundi nýkjörinnar bærstjórnar til loka kjörtímabils bærstjórnar.
- 2 **Fjallskilastjórar.** Bærstjórn kýs fjallskilastjóra eftir tilnefningu landbúnaðarnevndar, samanber ákvæði fjallskilasamþykktar fyrir Múlasýslur.

Fjarðabyggð

(v) Verkefnabundnar nefndir. Bæjarstjórn getur skipað nefndir til að vinna að afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar eða fyrr ef verki nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI. UM FRAMKVÆMDASTJÓRN OG STARFSLIÐ BÆJARINS

59. gr. Ráðning bæjarstjóra

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans og kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

60. gr. Hlutverk bæjarstjóra

Bæjarstjóri er framkvæmdarstjóri bæjarins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 9. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt, þ.m.t. rétt til bókana, en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarmálefna að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs, hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar hans. Bæjarstjóra er heimilt með samþykki bæjarráðs að veita stjórnendum fyrirtækja og stofnana prókúru.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfslíðs bæjarins. Forstöðumaður mannauðs- og upplýsingatæknimála er staðgengill bæjarstjóra.

61. gr. Ráðning stjórnenda

Bæjarráð ræður starfsmenn í þær stjórnunarstöður sem heyra beint undir bæjarstjóra samkvæmt skipuriti bæjarins að fenginni tillögu bæjarstjóra. Sama á við um yfirmenn stofnana og fyrirtækja í eigu bæjarins.

62. gr. Ráðning annarra starfsmanna

Forstöðumenn og stjórnendur bæjarins ráða aðra starfsmenn.

63. gr. Réttindi og skyldur

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna bæjarins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga, reglum um ábyrgðarmörk, starfsmannastefnu, starfsskyldum stjórnenda og jafnréttisáætlun.

VI. kafli.

UM FJÁRMÁLASTJÓRN BÆJARFÉLAGSINS

64. gr. Afgreiðsla fjárhagsáætlunar

Bæjarstjórn skal afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, bæjarfyrirtækja og stofnana fyrir lok desembermánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn samanber 20.gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun samkvæmt 1. mgr. skal bæjarstjórn sækja skriflega um frest til ráðuneytis sveitarstjórnarmála og tilgreina ástæðu fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga bæjarins og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á fjárhagslegri stöðu.

Bæjarstjórn skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld bæjarins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

Fjárhagsáætlun bæjarsjóðs skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála strax að lokinni afgreiðslu bæjarstjórnar. Sama á við um breytta eða endurskoðaða áætlun samkvæmt 62. gr. sveitarstjórnarlaga.

65. gr. Um fjárveitingar og útgreiðslur

Fjárhagsáætlun samkvæmt 65. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn bæjarins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöld séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

66. gr. Endurskoðun fjárhagsáætlunar

Bæjarstjórn er heimilt að endurskoða fjárhagsáætlun. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu í bæjarstjórn, enda hafi breytingatillögurnar verið sendar bæjarfulltrúum með fundarboði og dagskrá fyrir fund bæjarstjórnar.

67. gr. Þriggja ára áætlun

Árlega skal bæjarstjórn semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarins. Áætlunin skal vera rammi árlegrar fjárhagsáætlunar bæjarins og skal hún unnin og afgreidd af bæjarstjórn innan tveggja mánaða frá afgreiðslu fjárhagsáætlunar. Áætlunina skal senda til ráðuneytis sveitarstjórnarmála strax að lokinni afgreiðslu bæjarstjórnar.

68. gr. Afgreiðsla ársreikninga

Ársreikningar bæjarins skulu fullgerðir, endurskoðaðir og tilbúnir til afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir lok aprílmánaðar ár hvert samkvæmt 72. gr. sveitarstjórnarlaga, samanber 67. gr. sömu laga. Bæjarstjórn skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna. Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs, stofnana hans og fyrirtækja eigi síðar en 1. júní ár hvert. Bæjarfulltrúar og bæjarstjóri skulu árita ársreikningana. Eintak af ársreikningum skal senda Hagstofu Íslands og ráðuneyti sveitarstjórnarmála fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna. Viðurlög skv. 4. mgr. 72. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu bæjarstjórnar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

- o - o - o -

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Fjarðabyggðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. gr. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/ 1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi . Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 808/ 2006.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 29. júní 2010



Helga Jónsdóttir

bæjarstýra

Viðauki 1.0

Um fullnaðarafgreiðslur atvinnu- og menningarnefndar án staðfestingar bæjarstjórnar eða bæjarráðs.

1. gr.

Atvinnu- og menningarnefnd afgreiðir, án staðfestingar bæjarstjórnar eða bæjarráðs, eftirtalin verkefni samkvæmt heimild í 2. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/ 1998, sbr. lög nr. 74/2003:

- Ákvarðanir um úthlutun styrkja til menningarmála, þ.m.t. samstarfssamninga með eins árs gildistíma, í samræmi við reglur staðfestar af bæjarstjórn og fjárhagsáætlun hvers árs.

Atvinnu- og menningarnefnd getur ávallt vísað afgreiðslu mála samkvæmt 1. mgr. til bæjarráðs og er skylt að vísa þeim til bæjarráðs sé þess óskað af tveimur fulltrúum í nefndinni hið fæsta. Í slíkum tilfellum skal nefndin þó setja fram tillögu að afgreiðslu máls.

2. gr.

Afgreiðslur nefndarinnar skv. 1. gr. skulu kynntar með því að fundargerðir nefndarinnar skulu lagðar fyrir bæjarráð og bæjarstjórn samkvæmt samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins.

3. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu nefndarinnar eða komi hann á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska eftir endurupptöku máls í bæjarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnarsýslulaga, eftir því sem við á. Telji bæjarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal menningar-, íþróttá- og ferðamálanefnd taka málið upp að nýju.

Viðauki 2.0

Um fullnaðarafgreiðslur félagsmálanefndar og barnaverndarnefndar án staðfestingar bæjarstjórnar eða bæjarráðs.

1. gr.

Lögbundnar fullnaðarákvarðanir barnaverndarnefndar eru eftirfarandi:

- Í samræmi við 13. gr. barnaverndarlaga nr. 80/ 2002 eru ákvarðanir og úrskurðir nefndarinnar samkvæmt barnaverndarlögum fullnaðarákvarðanir innan stjórnarsýslu sveitarfélagsins.

Lögbundnar fullnaðarákvarðanir félagsmálanefndar eru eftirfarandi:

- Í samræmi við ákvæði laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/ 1991, sbr. einnig ákvæði laga um húsaleigubætur nr. 138/ 1997, eru ákvarðanir félagsmálanefndar varðandi réttindi og skyldur skjólstæðinga nefndarinnar fullnaðarákvarðanir.

Félagsmálanefnd afgreiðir án staðfestingar bæjarstjórnar eða bæjarráðs eftirtalin verkefni samkvæmt heimild í 2. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/ 1998, sbr. lög nr. 74/2003 og samþykkt um stjórn og fundarsköp Fjarðabyggðar:

- Afgreiðsla og ákvarðanir um styrki, fyrirgreiðslu og liðveislu til einstaklinga, samkvæmt reglum staðfestum af bæjarstjórn.
- Rekstrar- og þjónustusamninga við félög eldri borgara enda séu þeir innan fjárheimilda nefndarinnar.

Félagsmálanefnd og barnaverndarnefnd geta ávallt vísað afgreiðslu mála samkvæmt 2. mgr. til bæjarráðs og er skylt að vísa þeim til bæjarráðs sé þess óskað af tveimur fulltrúum í nefndunum hið fæsta. Í slíkum tilfellum skulu nefndirnar þó setja fram tillögu að afgreiðslu máls.

2. gr.

Afgreiðslur skv. 1. gr. skulu kynntar með því að fundargerðir skulu lagðar fyrir bæjarráð og bæjarstjórn samkvæmt samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins.

3. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu nefndanna eða komi hann á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska eftir endurupptöku máls í bæjarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnarsýslulaga, eftir því sem við á. Telji bæjarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skulu nefndirnar taka málið upp að nýju.

Viðauki 3.0

Um fullnaðarafgreiðslur fræðslu- og frístundanevndar án staðfestingar bæjarstjórnar eða bæjarráðs.

1. gr.

Lögbundnar fullnaðarákvarðanir eru eftirfarandi:

- Ákvarðanir um mögulega brottvikningu nemanda úr skóla í samræmi við 14. gr. grunnskólalaga nr. 91/ 2008, sbr. reglugerð nr. 270/ 2000 um skólareglur í grunnskóla.
- Ákvarðanir um skólaskyldu barns, sbr. 15. gr. grunnskólalaga.

Fræðslu- og frístundanevnd afgangir án staðfestingar bæjarstjórnar eða bæjarráðs eftirtalin verkefni samkvæmt heimild í 2. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/ 1998, sbr. lög nr. 74/2003 og samþykkt um stjórn og fundarskóp Fjarðabyggðar:

- Ákvarðanir tengdar réttindum og skyldum nemanda varðandi skólasókn, sbr. 13. og 14. gr. grunnskólalaga og tímabundna undanþágu frá skólasókn sbr. 15. gr. grunnskólalaga.
- Ákvarðanir um úthlutun styrkja til íþróttamála, þ.m.t. samstarfssamninga með eins árs gildistíma, í samræmi við reglur staðfestar af bæjarstjórn og fjárhagsáætlun hvers árs.

Fræðslu- og frístundanevnd getur ávallt vísað afgreiðslu mála samkvæmt 2. mgr. til bæjarráðs og er skylt að vísa þeim til bæjarráðs sé þess óskað af tveimur fulltrúum í nefndinni hið fæsta. Í slíkum tilfellum skal nefndin þó setja fram tillögu að afgreiðslu máls.

2. gr.

Afgreiðslur nefndarinnar skv. 1. gr. skulu kynntar með því að fundargerðir nefndarinnar skulu lagðar fyrir bæjarráð og bæjarstjórn samkvæmt samþykkt um stjórn og fundarskóp sveitarfélagsins.

3. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu nefndarinnar eða komi hann á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska eftir endurupptöku máls í bæjarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnarsýslulaga, eftir því sem við á. Telji bæjarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal fræðslunefnd taka málið upp að nýju.

Viðauki 4.0

Um fullnaðarafgreiðslur hafnarstjórnar án staðfestingar bæjarstjórnar eða bæjarráðs.

1. gr.

Hafnarstjórn afgreiðir án staðfestingar bæjarstjórnar eða bæjarráðs eftirtalin verkefni samkvæmt heimild í 2. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. lög nr. 74/2003 og samþykkt um stjórn og fundarsköp Fjarðabyggðar:

- Hvers kyns ákvarðanir varðandi starfsemi Fjarðarbyggðarhafna. Þó ekki staðfestingu gjaldskrár, fjárhagsáætlun, ákvarðanir um breytingu hafnarsvæðis og ákvarðanir sem varða nýframkvæmdir að hærri fjárhæð en 20 milljónir kr.

Hafnarstjórn getur ávallt vísað afgreiðslu mála samkvæmt 1. mgr. til bæjarráðs.

2. gr.

Afgreiðslur nefndarinnar skv. 1. gr. skulu kynntar með því að fundargerðir stjórnar skulu lagðar fyrir bæjarráð og bæjarstjórn samkvæmt samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins.

3. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu stjórnar eða komi hann á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska eftir endurupptöku máls í bæjarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnarsýslulaga, eftir því sem við á. Telji bæjarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal hafnarstjórn taka málið upp að nýju.

Viðauki 5.0

Um fullnaðarafgreiðslur eigna-, skipulags- og umhverfisnefndar án staðfestingar bæjarstjórnar eða bæjarráðs.

1. gr.

Eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd afgreiðir án staðfestingar bæjarstjórnar eða bæjarráðs eftirtalin verkefni samkvæmt heimild í 2. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. lög nr. 74/2003 og samþykkt um stjórn og fundarsköp Fjarðabyggðar:

- Tillögur til lögreglustjóra varðandi breytingar á varanlegum sérákvæðum um notkun vega til umferðar og aðrar ákvarðanir sem hljóta þurfa staðfestingar eða samþykki hans, sbr. 81.-83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
- Hvers kyns ákvarðanir varðandi starfsemi Rafveitu Reyðarfjarðar. Þó ekki staðfestingu gjaldskrár, fjárhagsáætlun og ákvarðanir um nýframkvæmdir að hærri fjárhæð en 20 mkr..
- Hvers kyns ákvarðanir varðandi starfsemi Hitaveitu Fjarðabyggðar. Þó ekki staðfestingu gjaldskrár, fjárhagsáætlun, ákvarðanir um breytingu veitusvæðis og ákvarðanir um nýframkvæmdir að hærri fjárhæð en 20 mkr..
- Hvers kyns ákvarðanir varðandi starfsemi Vatnsveitu Fjarðabyggðar. Þó ekki staðfestingu gjaldskrár, fjárhagsáætlun og ákvarðanir um nýframkvæmdir að hærri fjárhæð en 20 mkr.
- Hvers kyns ákvarðanir varðandi starfsemi Fráveitu Fjarðabyggðar. Þó ekki staðfestingu gjaldskrár, fjárhagsáætlun og ákvarðanir um nýframkvæmdir að hærri fjárhæð en 20 mkr.
- Óverulegar breytingar á deiliskipulagi, sbr. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.
- Ákvörðun um að hefja gerð deiliskipulags.
- Framkvæmdaleyfi, sbr. 1. mgr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga.
- Skiptingu jarða, landa, lóða og breytingar á landamerkjum, sbr. 30. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd getur ávallt vísað afgreiðslu mála til bæjarráðs og er skylt að vísa þeim til bæjarráðs sé þess óskað af tveimur fulltrúum í nefndinni hið fæsta. Í slíkum tilfellum skal nefndin þó setja fram tillögu að afgreiðslu máls.

2. gr.

Afgreiðslur nefndarinnar skv. 1. gr. skulu kynntar með því að fundargerðir nefndarinnar skulu lagðar fyrir bæjarráð og bæjarstjórn samkvæmt samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins.

3. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu nefndarinnar eða komi hann á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska eftir endurupptöku máls í bæjarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnarsýslulaga, eftir því sem við á. Telji bæjarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal mannvirkjanefnd taka málið upp að nýju.

Viðauki 6.0

Um fullnaðarafgreiðslur embættismanna án staðfestingar bæjarstjórnar eða bæjarráðs

1.gr.

Forstöðumaður stjórnarsýslu afgreiðir án staðfestingar bæjarráðs umsagnir til sýslumanns samkvæmt 1.tl. 4.mgr. laga nr. 85/2007 og veitir leyfi til sölu gistingar og veitinga og útleigu samkomusala í atvinnuskyni. Áður en forstöðumaður veitir leyfi skal hann leita umsagnar byggingafulltrúa

2.gr.

Fjármálastjóri afgreiðir án staðfestingar bæjarráðs umsóknir um afslátt af fasteignaskatti samkvæmt reglum um afslátt fasteignaskatts sbr. 4.mgr. 5.gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

3.gr.

Byggingarfulltrúi Fjarðabyggðar afgreiðir án staðfestingar eigna-, skipulags- og umhverfisnefndar mál er falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefnda í lögunum önnur en úthlutun lóða, gerð byggingarskilmála og tillagna um nöfn gatna, torga og bæjarhluta.

Sjá nánar samþykkt um afgreiðslu byggingarfulltrúa Fjarðabyggðar nr. 824/2003